



S A M Þ Y K K T I R

FYRIR

ICELANDIC GROUP HF.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.
2. Hlutfé félagsins.
3. Stjórnskipulag.
4. Hluthafafundur.
5. Stjórn félagsins.
6. Forstjóri.
7. Reikningar og endurskoðun.
8. Eigið hlutfé félagsins.
9. Breytingar á samþykktum félagsins.
10. Slit á félaginu.
11. Önnur ákvæði.

Útg. janúar 2007

S A M Þ Y K K T I R

fyrir hlutafélagið

Icelandic Group hf.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur

- 1.01 Heiti félagsins er ICELANDIC GROUP hf., enska heiti félagsins er ICELANDIC GROUP Plc.
- 1.02 Félagið er hlutafélag.
- 1.03 Heimilisfang félagsins er að Borgartún 27, Reykjavík.
- 1.04 Félagið er eignarhaldsfélag innlendra og erlendra dóttur- og hlutdeildarféлага sem framleiða, kaupa og selja eða taka í umboðssölu sjávarafurðir og hvers kyns önnur matvæli og rekstrarvörur. Félagið fjárfestir í öðrum félögum og stundar annan skyldan atvinnurekstur hérlendis og erlendis samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

2. Hlutfé félagsins

Hlutfé - hlutir.

- 2.01 Hlutfé félagsins er kr. 2.893.248.244,-.

Hlutféð skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins í áföngum á fimm árum um allt að 110 milljónir króna með sölu nýrra hluta í tenglum við kaupréttarsamninga sem stjórnin kann að gera við starfsmenn félagsins.

Réttur hluthafa til forgangs að hlutafjárukningunni skv. hlutafélagalögum og samþykktum skal ekki eiga við, sbr. heimild í 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 um hækkunina.

Útboðsgengi hluta og sölureglur getur stjórnin ákveðið í samræmi við sérstaka samninga sem stjórn félagsins gerir við einstaka starfsmenn hverju sinni, og er stjórninni heimilt að víkja frá skráðu gengi hluta á verðbréfamarkaði á þeim tíma sem viðkomandi samningar eru gerðir eða efndir.

(Samþykkt á aðalfundi 9. mars 2001. Nýtt af heimildinni kr. 55.000.000 15. september 2004)

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins um allt að kr. 2.000.000.000 (tveir milljarðar) með sölu nýrra hluta.

Fundurinn samþykkir að víkja frá forgangsrétti hluthafa til að skrifa sig fyrir hlutafjárukningunni samkvæmt heimild í 34. gr. laga um hlutafélög.

Útboðsgengi hluta og sölureglur ákveður stjórnin í samræmi við V. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan 3 ára frá samþykkt hennar. Heimildina má nýta í einu lagi eða í hlutum eftir ákvörðun stjórnar.

Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi og um þá skulu samþykktir félagsins gilda.

(Samþykkt á hluthafafundi 14. desember 2005. Nýtt af heimildinni hinn 18/5 2006 kr. 341.864.155)

Stjórn félagsins er heimilt að skrá hlutfé þess í erlendri mynt í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga. Ákvæði stjórnin að nýta sér heimild þessa skal hlutfé félagsins samkvæmt grein þessari breytt í evrur eða dollara. Skal við umreikning miða við kaupgengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á fyrsta degi þess mánaðar þegar ákvörðun um breytingu á gjaldmiðli er tekin eða næsta skráningardegi þar á undan sé gengi ekki skráð á þeim degi.

Verði ákvæðið að nýta heimild þessa breytast ákvæði greinar 4.07 því til samræmis og fylgir þá eitt atkvæði hverri einni evru eða dollara eftir því hvaða mynt verður valin.

Aukning hlutfjár - forgangsréttur.

2.02 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutfjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34 gr. hlutfélagalaga.

Hlutir - hlutaskrá.

2.03 Hlutir félagsins eru gefnir út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

2.04 Hlutaskrá samanber ákvæði laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

Sala hluta og eigendaskipti.

2.05 Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Réttindi og skyldur hluthafa.

2.06 Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutfjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður hvorki breytt né heldur felld niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

3. Stjórnskipulag.

3.01 Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundir.
2. Stjórn félagsins.
3. Forstjóri.

4. Hluthafafundir

- 4.01 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Umboð.

Hluthafi getur látið umboðsmenn sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.

Lögmæti hluthafafunda.

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað.

Aðalfundur.

- 4.02 Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum gr. 4.04.

Dagskrá aðalfundar.

- 4.03 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Kosning stjórnar félagsins sbr. gr. 5.01.
5. Kosning endurskoðanda sbr. gr. 7.01.
6. Önnur mál, sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkt að taka til meðferðar.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir aðalfund.

Boðun hluthafafunda.

- 4.04 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 -einum tíunda- hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að Hlutfélagaskrá láti boða til fundarins skv. ákvæðum 87. gr. hlutfélagalaga.

Hluthafafundir skulu boðaðir bréflega, með símbréfi eða með auglýsingu í fjölmiðlum.

Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta en aðra hluthafafundi má boða með einnar viku fyrirvara.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Tillögur frá hluthöfum.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á hluthafafundi skulu komnar í hendur stjórnar eigi síðar en 7 sólarhringum fyrir fund, til þess að þær verði teknar til umræðu.

Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Dagskrá.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, sem liggja skal frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, ásamt aðaltillögum sem koma eiga til atkvæða, eigi skemur en 7 sólarhringa fyrir fund.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Fundarstjóri.

4.05 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmati fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Gjörðabók.

4.06 Halda skal sérstaka gjörðabók og skrá þar allar fundarsamþykktir og úrslit atkvæðagreiðslna, svo og gagnorðar fundargerðir. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá athugasemdir sem fram koma. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hverjum hluthafafundi.

Atkvæðavægi.

4.07 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra eða 9/10 hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 94. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995.

Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

Réttur til fundarsetu.

- 4.08 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

5. Stjórn félagsins

- 5.01 Aðalfundur félagsins kys árlega fimm menn í stjórn félagsins og tveir til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum.

Stjórnarkjör.

- 5.02 Stjórnarkosning fer þannig fram:
Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér.

Á aðalfundi fara fram bundnar kosningar þannig, að kosið er um þá eina sem gefið hafa kost á sér með tilskyldum fyrirvara.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

Verkaskipting og viðfangsefni stjórnar.

- 5.03 Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Boðun stjórnarfunda.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Stjórnarfundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefjast þess.

Lögmæti stjórnarfunda.

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðru vísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögmætum fyrirmælum.

Stjórnendur skulu halda gjörðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

- 5.04 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og setur félaginu markmið í rekstri með hagsmunum þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins. Stjórnin ræður forstjóra, einn eða fleiri,

ákveður ráðningarkjör og setur honum erindisbréf. Jafnframt ákveður félagsstjórn hverjir skuldbinda félagið.

Félagsstjórn starfar skv. starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög..

- 5.05 Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum bókum og skjölum fyrirtækisins.
- 5.06 Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

6. Forstjóri

- 6.01 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og stýrir dóttur- og hlutdeildarfélagum í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.

Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

- 6.02 Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirsmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðanda allar þær upplýsingar sem hann óskar. Heimilt er að ráða stjórnarmann forstjóra.

7. Reikningar og endurskoðun

- 7.01 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

8. Eigið hlutafé félagsins

- 8.01 Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% -tíu af hundraði-. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.

9. Breytingar á samþykktum félagsins

- 9.01 Samþykktum félagsins, umfram það sem hlutafélagalög leyfa, má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Með tillögur um hækkun eða lækkun á hlutafé félagsins skal farið sem lagabreytingar.

Ákvæði samþykktu þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki 9/10 -níu tíundu- hluta allra atkvæða, sbr. 94. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995.

10. Slit á félaginu

10.01 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar, að því breyttu að ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst 2/3 -tveimur þriðju- hlutum af hlutfé félagsins. Hið sama á við og um sölu á öllum eignum þess.

Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutfélagalaga nr. 2/1995.

11. Önnur ákvæði

11.01 Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

12. Lántaka með sérstökum skilyrðum

12.01 Hluthafafundur, haldinn 16. janúar 2007, samþykkir, með vísan til VI. kafla hlutfélagalaga, einkum 47. gr., að taka lán er veitir lánardrottnei rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því. Skal félaginu heimilt að gefa út skuldaskjöl að fjárhæð allt að kr. 5.000.000.000 eða samsvarandi fjárhæð í evrum og skal lánstíminn vera 5 ár. Skuldin ber ársvexti sem skulu vera LIBOR + 5%. Vextir skulu greiðast árlega, í fyrsta sinn hinn 31. desember 2007. Á gjalddaga vaxta greiðist helmingur þeirra en hinn helmingurinn leggst við höfuðstól og kemur tiluppgjörs á greiðsludegi sem skal vera 31. desember 2011. Skal við útreikning vaxta leggja til grundvallar höfuðstól að viðbættum vöxtum sem leggja ber við höfuðstól skv. framansögðu. Félaginu er þó ekki heimilt að greiða vextina fyrr en hlutfallið vaxtaberandi skuldir/EBITDA er undir 5 samkvæmt útreikningi endurskoðanda félagsins.

Lán þetta er víkjandi og víkur fyrir öllum öðrum kröfum á hendur lántaka nema kröfu um endurgreiðslu hlutfjár. Við gjaldþrot eða slit lántaka endurgreiðist lánið á eftir öllum almennum kröfum en á undan kröfum til endurgreiðslu hlutfjár.

Á tímabilinu frá 1. desember 2011 til 31. desember 2011 er lánveitanda heimilt að breyta höfuðstól skuldarinnar að viðbættum vöxtum í hluti í Icelandic Group hf. Á sama hátt getur lánveitandi, á vaxtagjalddögum (í fyrsta sinn hinn 31. desember 2007), breytt öllu láninu eða hluta þess, þó að lágmarki 20% af höfuðstól skuldarinnar ásamt áföllnum vöxtum í hlutfé. Skal gengið við slíka breytingu vera vegið meðalsölugengi hlutabréfa í Icelandic Group hf. eins og það er skráð hjá Kauphöll Íslands hf. dagana 11. til 15. janúar 2007 samkvæmt útreikningi endurskoðanda félagsins.

Kjósi lánveitandi að breyta skuld sinni í hluti í Icelandic Group hf. skal hann tilkynna félaginu það skriflega. Skal stjórn félagsins, eins fljótt og kostur er, gefa út hlutabréf í Icelandic Group hf. til lánveitanda honum að kostnaðarlausu til þess að fullnægja breytiréttinum.

Sé skuldinni breytt í hluti í Icelandic Group hf. telst fullnaðaruppgjör hafa farið fram þegar lántaki hefur gefið út nýja hluti í Icelandic Group hf. á nafn lántakanda. Hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti í samræmi við 2.03 gr. samþykkt félagsins og telst félagið hafa fullnægt skyldum sínum þegar hlutabréfin hafa verið færð í tölvukerfi Verðbréfaskráningar Íslands á kennitölu lánveitanda.

Ef hlutfé lántaka verður hækkað á lánstímanum hefur lánveitandi ekki rétt til forgangs að nýjum hlutum. Verði lántaka slitið á lánstímanum, þ.m.t. við samruna eða skiptingu, áður en láninu hefur verið breytt í hlutfé eða það greitt, skal þess gætt að staða skuldbindingar samkvæmt láninu verði með þeim hætti að skuldbindingin sé víkjandi fyrir öðrum skuldum lántaka (en

jafnsett öðrum víkjandi lánum sem tekin verða samkvæmt þessari heimild) en frammar stöðu hlutfjár í félaginu.

Að öðru leyti en að framan greinir skal ákvörðun um lækkun hlutfjár í félaginu, útgáfa breytanlegra skuldabréfa, lána eða áskriftarréttindi ekki hafa áhrif á réttarstöðu lánveitanda áður en kröfu hans verður breytt í hlutfé.

Um breytingu lánsins í hluti gilda ákvæði 4. mgr. 47. gr. hlutfélagalaga.

Skal stjórn félagsins heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 1.100.000.000 að nafnverði til að efna ofangreinda skuldbindingu. Falla hluthafar frá forgangsrétti til áskriftar að hlutum sem gefnir verða út skv. þessari heimild. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunar."

12.2 Sýnishorn lánaskjala

Sýnishorn lánaskjala fylgja samþykktum þessum í viðauka 1.



Samþykktir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. voru samþykktar á stofnfundi félagsins hinn 29. nóvember 1996 og hefur verið breytt á eftirtöldum hluthafafundum:

1. Vegna hækkunar á hlutfé skv. heimild í 12. gr. samþykkt og 2. gr. stofnsamnings, samþykkt á stjórnarfundum 29. apríl 1997.
2. Á hluthafafundi hinn 16. október 1997.
3. Á aðalfundi 3. mars 1998.
4. Á aðalfundi 31. mars 2000.
5. Á aðalfundi 9. mars 2001.
6. Á aðalfundi 10. apríl 2003.
7. Vegna hækkunar á hlutfé skv. heimild í 2. gr. samþykkt, samþykkt á stjórnarfundum hinn 6. ágúst 2004.
8. Á hluthafafundi 6. desember 2004.
9. Á hluthafafundi 30. maí 2005.
10. Á hluthafafundi 24. október 2005.
11. Á hluthafafundi 14. desember 2005.
12. Vegna hækkunar á hlutfé skv. heimild í 2. gr. samþykkt, samþykkt á stjórnarfundum hinn 6. mars 2006.
13. Vegna hækkunar á hlutfé skv. heimild í 2. gr. samþykkt, samþykkt á stjórnarfundum hinn 25. apríl 2006.
14. Vegna hækkunar á hlutfé skv. heimild í 2. gr. samþykkt, samþykkt á stjórnarfundum hinn 18. maí 2006.
15. Á hluthafafundi 16. janúar 2007 (Gein 12.1. og 12.2.)

Framanritaðar samþykktir eru núgildandi samþykktir félagsins með innfærðum breytingum.

Reykjavík, 16. janúar, 2007.

Pr. pr. Icelandic Group hf.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Björgólfur Jóhannsson".